


DK/

Reykjavík, 13. maí 2011

Stjórn Ákærendafélags Íslands hefur borist til umsagnar, með rafpósti allsherjarnefndar Alþingis, dags. 4. þ.m., frumvarp til laga um breytingu á lögum um fullnustu refsinga, nr. 49/2005, 727. mál, rafrænt eftirlit, samfélagsþjónusta.

Engar athugasemdir eru gerðar eða ábendingar settar fram af hálfu stjórnar félagsins vegna téðs frumvarps og er tekið undir þær breytingar sem lagt er til að gerðar verði á lögum nr. 49/2005.

Fyrir hönd Ákærendafélags Íslands,

  
Daði Kristjánsson,  
ritari stjórnar

Reykjavík, 17. maí 2011

Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fullnustu  
refsinga nr. 49/2005 (rafrænt eftirlit, samfélagsþjónusta).

Dómarafélag Íslands kemur hér með á framfæri eftirfarandi athugasemdum við ákvæði ofan nefnds frumvarps.

Samkvæmt athugasemdum við lagafrumvarpið er tilgangur þess tvíþættur, annars vegar að lögfesta nýtt fullnustuúrræði, rafrænt eftirlit með dómþolum, sem afplána óskilorðsbundna fangelsisrefsingu, og hins vegar að hækka þá hámarksrefsingu sem unnt er að fullnusta með samfélagsþjónustu.

1. Í frumvarpinu er lagt til að fangar, sem dæmdir hafa verið í 12 mánaða fangelsisrefsingu eða lengri geti afplánað allt að síðustu 8 mánuði refsitímans undir rafrænu eftirliti áður en til veitingar reynslulausnar kemur. Fyrir liggur að reynsla annarra Norðurlandabjóða mörg undanfarin ár af slíku fullnustuúrræði hefur verið góð. Virðist því hér vera um heppilegt úrræði að ræða fyrir einstaklinga, fyrir samfélagið og fyrir skattgreiðendur. Dómarafélag Íslands hefur því ekki uppi athugasemdir við að nefnt nýmæli verði tekið upp hér á landi.

2. Varðandi þá breytingu sem lögð er til í 4. gr. frumvarpsins, á 27. gr. laga nr. 49/2005, um hækkingu hámarksrefsingar sem unnt er að fullnusta með samfélagsþjónustu, bendir DÍ á, og áréttar að samkvæmt lögum skeri dómstólar endanlega úr um réttindi og skyldur í einkarétti svo og um refsiverða háttsemi og ákveða viðurlög við þeim. Samfélagsþjónusta er þekkt viðurlagategund víða um heim, þ.á m. á hinum Norðurlöndum. Við setningu laga um samfélagsþjónustu á Íslandi nr. 55/1994 var litið til nágretta okkar á Norðurlöndum, sem tekið höfðu upp samfélagsþjónustu nokkrum árum áður og miðlað gátu af reynslu sinni. Voru ákvæði íslensku laganna að nokkru leyti byggð á þeim fyrirmyndum. Íslensku löggin eru þó frábrugðin lögum nágrettaríkjanna, að því leyti að ákvörðun um samfélagsþjónustu er hér í höndum framkvæmdavaldsins en ekki dómvaldsins. Dómstólar á Íslandi geta því ekki dæmt einstakling til samfélagsþjónustu, heldur er það stofnun á vegum stjórnvalda, Fangelsismálastofnun, sem fer með þetta úrræði. Framkvæmdarvaldinu er þannig heimilt að

taka upp refsíakvarðanir dómstóla og ákveða einstaklingum önnur viðurlög en dómstólar hafa gert.

Dómarafélag Íslands telur að ákvörðun um samfélagsþjónustu sé í eðli sínu dómsathöfn og skilgreina beri samfélagsþjónustu sem tegund refsingar.

Það skal þó tekið fram að reynslan af samfélagsþjónustu hér á landi er almennt talin góð. Ekki verður heldur annað séð en að Fangelsismálastofnun hafi farist vel úr hendi að sjá um framkvæmd mála. Það breytir þó ekki því að komið hafa fram efasemdir um það hvort núverandi fyrirkomulag standist stjórnarskrá og mannréttindasáttmála Evrópu.

Samfélagsþjónusta er viðurlög í eðli sínu og því eðlilegt að um hana sé fjallað í almennum hegningarlögum, eins og um önnur refsiviðurlög. Það er ekki hlutverk stjórnvalda að ákveða viðurlög, refsingu, heldur dómstóla. Fengi samfélagsþjónusta stöðu viðurlagategundar í almennum hegningarlögum væri dómþola ljóst strax við uppkvaðningu dóms hvaða refsingu hann þyrfti að sæta og ákærvald og verjandi ákærða gætu komið að málum ef ákvörðun um samfélagsþjónustu væri hjá dómstólunum.

Með frumvarpi því sem hér er til umsagnar er enn á ný verið að auka valdheimildir framkvæmdavaldsins til að ákvarða mönnum endanleg viðurlög, þar sem gert er ráð fyrir að fullnusta megi allt að 12 mánaða óskilorðsbundnu fangelsi með samfélagsþjónustu, í stað 6 mánaða í núgildandi lögum. Dómarafélag Íslands leggst gegn og varar við slíkri útvíkkun heimildar Fangelsismálastofnunar til fullnustu refsidóma í formi samfélagsþjónustu.

Telur stjórn DÍ eðlilegra að þær breytingar sem lagt er til með frumvarpi þessu sem fela í sér hækkun þeirrar hámarksrefsingar sem unnt er að fullnusta með samfélagsþjónustu, séu settar fram með breytingu á hegningarlögum þannig að samfélagsþjónusta sé ein tegund viðurlaga, sem dómstólar ákvarði, svo sem tíðkast í öllum löndum Evrópu þar sem samfélagsþjónusta hefur verið lögtekin.

Virðingarfyllst,

f.h. stjórnar DÍ

  
Ingvaldur Einarsdóttir

formaður



---


Til allsherjarnefndar

---

**Fjöldi dómþola í boðun**


Eins og sjá má á neðangreindu súluriti hefur dómþolum á boðunarlista fjölgað stöðugt á síðastiðnum árum. Í lok árs 1994 voru 208 dómþolar á boðunarlista en þeim tók að fækka á árinu 1995 er Hús 4 á Litla-Hrauni var tekið í notkun. Frá árinu 2003 hefur boðunarlistinn lengst verulega og ef taldir eru með óunnir dómáru eru dómþolar nú tæplega 370 með 450 dóma samtals.

Þá skal þess getið að nú eru um 2.000 manns sem boðaðir hafa verið til að afplána vararefsingu fésekta. Þá er sérstök athygli vakin á því að nú eru 72 dómþolar í boðun á eftirstöðvum vararefsingar eftir að hafa rofið skilyrði samfélagsþjónustu í stað vararefsingar en stofnunin telur mikilvægt að menn sem rjúfa skilyrði samfélagsþjónustu geti afplánað eftirstöðvarnar en komist ekki betur frá refsingunni en þeir sem standast skilyrðin og ljúka þannig málum sínum.






Súluritið hér að neðan sýnir fjölda fangelsisára á boðunarlistum í lok árunna 2004-2009. Í þessu samhengi er mikilvægt að líta einnig til óunninna dóma, þ.e. dóma sem borist hafa til fullnustu og bíða þess að dómþolar séu formlega boðaðir til afplánunar. Á síðustu 3 súlunum sést að fangelsisárum fjölgaði um 30% frá september 2009 til mars 2010 en þrátt fyrir opnun Bítu fjölgar enn fangelsisárum og í lok maí voru þau orðin 160 ár.



**Heildarrefsitími sem Fangelsismálastofnun hefur borist innan hvers árs 1989-2010**


Heildarrefsitími sem stofnuninni berst á ári hverju hefur aukist verulega svo sem sjá má á neðangreindu súluriti. Ekkert bendir til að heildarrefsitími sem stofnuninni berst á næstu árum muni minnka, þvert á móti telur stofnunin, í ljósi aðstæðna í þjóðfélaginu, að hann geti hækkað verulega.






**Innkómur í gæsluvarðhald**

Eins og sjá má af neðangreindu súluriti hefur erlendum gæsluvarðhaldsföngum sem úrskurðaðir eru í gæsluvarðhald fjölgað verulega á undanförunum árum. Stofnunin telur ekki miklar líkur á að þeim muni fækka á næstu árum.



**Innkómur í afplánun**


Eins og sjá má af neðangreindu súluriti hefur erlendum föngum sem hefja afplánun einnig fjölgað umtalsvert á undanförunum árum.






**Fjölgun fanga með lengri refsingur**

Föngum sem afplána þyngri refsingar hefur fjölgað verulega í fangelsum á undanförunum árum. Súluritið hér að neðan sýnir meðaltalsfjölda fanga á dag sem afplána 3ja ár fangelsisrefsingu eða hærri. Slíkum föngum hefur fjölgað yfir 100% frá árunum 2004-2005 til dagsins í dag.



**Tíefni fangavistar**

Á súluritinu sést skipting fanga eftir brotum 31. maí 2011. Eins og sjá má á fyrstu 3 súlunum eru ofbeldisbrot í meiri hluta ásamt fíkniefnabrotum og kynferðisbrotum en stofnunin hefur eins og kunnugt er lagt áherslu á að taka menn til afplánunar sem eru með þyngri brot á bakinu.



Alskun. 19/5 Frá innviðverum. Alþingi  
Erindi nr. P 139/2544

727. mál

komudagur 19.5.2011

Vinnustaðir	Heimilisfang	Póstnúmer
Aðaldælahreppur	Iðjagerði 1	641
Akranesbær	Stílholti 16 - 18	300
Alnæmissamtökin	Hverfisgötu 69	101
Alþjóðahúsið	Ofanleiti 2	101
Amnesty International	Pinghóltsstræti 27	101
Afangaheimilið Vernd	Laugarteigi 19	105
Afangastaðurinn Ránargötu	Ránargötu 12	101
Áhaldahús Reykjanesbæjar	Sjávargötu	260
Áhaldahúsið-Grindavík	Hafnargötu 24	240
Ásgarður	Álafossvegi 22	270
Bergiðjan	v/Kleppspítalann	150
Biskupsstofa	Laugarvegi 31, 2. hæð	101
Blönduósbær	Hnjúkabyggð 33	540
Bolungarvíkurkaupstaður	Aðalstræti 12	415
Borgarbókasafnið		
Breiðholtskirkja	Pangbakka 5	109
Búðahreppur	Hafnargötu 12	750
Búsetuþjónusta fyrir geðfatlaða Miklubraut 13	Gunnarsbraut 51	101
Búsetuþjónusta geðfatlaðra að Bárugötu 19	Bárugötu 19	101
Bústaðakirkja	Tunguvegur 25	108
Byggðarendi-sambýli		
Byggðasafn Akranesbæjar	Görðum	300
Dagdvöl aldraðra, Keflavík	Suðurgötu 12-14	230
Dagþjónustan Gylfafi	Bæjarflöt 17	112
Dagþjónustan Gylfaglöt	Bæjarflöt 17	112
Dalvíkurbyggð		
Dvalarheimilið As-Hveragerði	Hverahlíð 20	810
Dvalarheimilið Lundur	Seltúni	850
Dvöl - Athvarf fyrir geðfatlaða	Reynihvammi 43	200
Ekron	Grensásvegur 16a	108
Fataflokkun RKI	Skútuvogi 1	105
Ferðafélagið Útivist	bílskúra/útihús)	210
Félag heyrnarlausra	24.2H	108
Félagasamtökin Vernd	Laugarteigi 19	105
Félags- og skólaskrifstofa Ísafjarðarbæjar	Hafnarstræti 1	400
Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga	Klettsbúð 4	360
Félags- og skólaþjónusta Þingeyinga	Ketilsbraut 22	640
Félagsmiðstöð aldraðra Kjarnalundi - Akureyrarbær	Kjarnalundi	600
Félagsmiðstöð Snæfellsbæjar		
Félagsmiðstöðin Miðberg	Gerðubergi 1	111
Félagsstarf Aflagrandna 40	Aflagrandna 40	107
Félagsþjónustan á Blönduósi		
Fjöliðjan á Akranesi	Dalbraut 10	300
Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn	Engjavegi	105
Fjölskylduhjálpin	Eskihlíð 2-4	105
Fjölsmiðjan	Víkurhvarf 2	203
Flateyrarhreppur		
Foldabær - heimili fyrir aldraða með alzheimer	Logafold 56	112
Foldabær - Reykjavíkurdeild RKI	Logafold 56	112
Foreldrahús	Borgartúni 6	105
Fram	Safamýri 26	105
Fræðslu- og frístundasvið Akureyrarbæjar		



Fylkir	Fylkisvegi 6	110
Fylkir - Íþróttafélag	Fylkisvegi 6	110
Gallerí Hlemmur		
Garðabæjardeild RÍ	Hrísmóum 4	210
Geðhjálp	Túngata 7	101
Gistiskýlið	Pinghóltsstræti 25	101
Golfklúbbur Akureyrar	Jaðri	600
Golfklúbbur Borgarness	Hamri	310
Golfklúbbur Hveragerðis	Gufudal	810
Golfklúbbur Selfoss	Svarfólsvelli	801
Golfklúbbur Vatnleysustrandarhrepps	Kálfatjörn	190
Golfklúbburinn Jökull	Golfskálanum, Fróðá	355
Góði hirðirinn	Fellsmúla 28	105
Grensáskirkja	Háaleitisbraut 66	103
Grindavíkurbær	Víkurbraut 62	240
H.K.	Digranesvegi	200
Hallgrímskirkja	Skólavörðuholti	101
Handknattleiksdeild Breiðabliks	Dalsmári 5	201
Handknattleiksdeild Kópavogs	Skálaheiði 2	200
Handknattleiksfélag HK	Skálaheiði 2	200
Handknattleiksfélag Kópavogs	Skálaheiði 2	200
Háteigskirkja	Háteigsvegi 27-29	105
Heimilið	Njálsgata 74	101
Hestamannafélagið Sleipnir		600
Hitt Húsið	Pósthússtræti 3-5	101
Hitt Húsið - Félagsmiðstöð fyrir fatlaðra	Pósthússtræti 3-5	101
Hitt Húsið - Félagsmiðstöðin Tipp Topp	Pósthússtræti 3-5	101
Hjallakirkja	Alfahelði 17	200
Hjartaheill	Síðumúli 6	108
Hjálparstarf kirkjunnar	Háaleitisbraut 66	103
Hjálparstofnun Kirkjunnar	Grensásvegi 66	103
Hjálparveit skáta í Reykjavík	Malarhöfða 6	110
Hjálpræðisherinn á Akureyri	Hvannavöllum 10	600
Hjálpræðisherinn á Islandi	Garðastræti 38	101
Hlaðgerðarkot	Mosfellsdal	270
Hlíðabær - dagvistun aldraðra á vegum RÍ	Flókaötu 53	105
Hornafjörður/Höfn		
Hólmavíkurreppur		
Húsdýragarðurinn	Engjavegi	104
Hvítasunnukirkjan	Hátúni 2	105
Hvítasunnukirkjan - Filadelfía	Hátúni 2	105
Hvítasunnusöfnuðurinn	Hátúni 2	105
Hæfingarstöð fatlaðra v/Skógarlund		600
Hæfingarstöðin Bæjarhrauni	Bæjarhrauni 2	220
Hæfingarstöðin Dalvegi	Dalvegi	200
I.B.V.- knattspyrnudeild	Hamarsvegi	900
I.R.	Skógarseli 12	109
Ibúðir aldraðra - Neskaupsstað		
Ísafjarðarkaupstaður/elliheimilið Hlíf	Torfnæs	400
Íslandsdeild Amnesty International Amnesty	Pinghóltsstræti 27	101
Íslandsdeild Amnesty International/Vernd	Pinghóltsstræti 27	101
Íþróttabandalag Vestmannaeyja	Hamarsvegi	900
Íþróttafélag fatlaðra	Hátúni 14	105

Iþróttafélagið Breiðablik	Dalsmári 5	201
Iþróttafélagið Fylkir	Fylkisveggi	110
Iþróttafélagið Haukar	Ásvöllum	220
Iþróttafélagið Valur	Hlíðarenda	105
Iþróttafélagið Víkingur	Traðarlandi 1	108
Iþróttafélagið Þór	Lundgarði	603
Iþróttahús Fram	Safamýri 26	108
Iþróttahúsið í Keflavík	Sunnubraut 34	230
Iþróttavallarhús við Iðuvelli		
Iþróttavallarnefnd UMF Selfoss	Engjavegi 50	800
KA	Dalsbraut	600
Kaffi rót	Hafnarstræti 17	101
Kattholt	Stangarhyl 2	110
Kirkjan að Kirkjubæjarklaustri	Klausturvegi 11	880
Klúbburinn Geysir	Skipholti 29	105
Knattspyrnufélag Hauka	Ásvöllum	221
Knattspyrnufélagið KA	Dalsbraut	600
Knattspyrnufélagið Valur	Hlíðarenda	105
Konukot	Eskihlíð 4	105
KR	Frostaskjól 2	107
Krossinn/Krossgötur áfangameimili	Hlíðarsmári 5-7	200
Krýsuvíkursamtökin	Austurgötu 8	220
Krýsuvíkursamtökin/Góði Hirðirinn	Austurgötu 8	220
Krýsuvíkursamtökin	Austurgötu 8	220
Landgræðsla ríkisins	Gunnarsholti	851
Landsamtök Þroskahjálpa	Háaleitisbraut 13	105
Laugarneskirkja	Kirkjuteigi	105
Laut - athvarf fyrir geðfattaða	Pingvallastræti 32	600
Leikfélag Akureyrar	Hafnarstræti 57	600
Líknarfélagið Takmarkið	Barónsstíg 13	101
Lækur-fyrir geðfattaða	Hörðuvellir 1	220
Mannréttindaskrifstofa Íslands	hæð	101
Mannréttindaskrifstofan	hæð	101
Mæðrastyrksnefnd	Hátúni 10	105
Nafnlausir leikhópurinn	Furugrund 56	200
Norræna húsið	Sturlugötu 5	101
Norræna húsið/bókasafn	Sturlugötu 5	101
Nytjamarkaður ABC	Skútuvogur 11a	104
Nytjamarkaður RKI	Bólholti 6	
Omega Rvk	Grensásvegur 8	108
Patreksfjörður		
Rauði Kross Íslands	Efstaleiti 9	103
Rauði Kross Íslands á Austurl./Slysavarnaf./Ljósav		
Regnbogabörn	Mjósundi 10	220
Regnboginn - ITR		
Reykjanesbær	Tjarnargötu 12	230
Reykjaneshöllin	v/Borgarbraut	230
Reykjavíkurdéild RKI	Laugavegi 120	105
Reykjavíkurdéild RKI - Vin	Hverfisgötu 47	101
ReykjavíkúAkademían	v/Hringbraut	107
Reykjavíkurdéild Amnesty International	Pingholtsstræti 27	101
Reykjavíkurdéild Rauða kross Íslands	Laugavegi 120	105
Reykjavíkurdéild RKI - Foldabær	Logafold 56	112

Reykjavíkurseild RKÍ - Vin	Hverfisgötu 47	101
RKÍ - fataflokkunarstöð	Skútuvogi 1	220
Rockville		
Sambýli Berjahlíð 2, Hafnarfirði	Berjahlíð 2	221
Sambýlið að Hrauntungu	Hrauntunga 54	200
Sambýlið Alftanesi	Miðskógar 22	225
Sambýlið Árlandi - heimili fyrir börn	Árlandi 9	108
Sambýlið Berjahlíð 2	Berjahlíð 2	221
Sambýlið Blikaás 1	Blikaási 1	220
Sambýlið Borgarholtsbraut 51	Borgarholtsbraut 51	200
Sambýlið Drekvogi 16	Drekavogi 16	104
Sambýlið Einibergi		109
Sambýlið Eykjuvogi	Eykjuvogi	104
Sambýlið Fannafold 178	Fannafold 178	112
Sambýlið Grundarlandi 17	Grundarlandi 17	108
Sambýlið Gylfaflöt	Bæjarflöt 17	112
Sambýlið Holtavegi 27	Holtavegi 27	104
Sambýlið Hólabergi	Hólabergi 76	111
Sambýlið Hólmasund 2	Hólmasundi 2	104
Sambýlið Hrauntunga	Hrauntunga 54	200
Sambýlið Hringbraut	Hringbraut 8	101
Sambýlið Hulduhlíð	Hulduhlíð 32	270
Sambýlið Hulduhlíð 32-34	Hulduhlíð 32-34	270
Sambýlið Hulduhlíð og Þverholti	Hulduhlíð 32	270
Sambýlið Klettahrauni 17, Hafnarfirði	Klettahrauni 17	220
Sambýlið Lyngmóum 17 og skammtímvistun Lyngseli	Lyngmóum 17	210
Sambýlið Lækjarási	Lækjarási 8	110
Sambýlið Marbakkabraut	Marbakkabraut 14	200
Sambýlið Markarflöt 1	Markarflöt 1	210
Sambýlið Móafliót	Móafliót	210
Sambýlið Mururima	Mururima 4	112
Sambýlið Mýrarási	Mýrarási 2	110
Sambýlið Sigurhæð 12	Sigurhæð 12	210
Sambýlið Skagaseli	Skagaseli 9	109
Sambýlið Smárahvammi 3	Smárahvammi 3	220
Sambýlið Sogavegi	Sogavegi 208	108
Sambýlið Steinahlíð		108
Sambýlið Stigahlíð 54	Stigahlíð 54	105
Sambýlið Stuðlaseli	Stuðlaseli 2	109
Sambýlið Svöluhrauni	Svöluhraun 19	200
Sambýlið Sæbraut 2	Sæbraut 2	170
Sambýlið Tindaseli 1	Tindaseli 1	109
Sambýlið Viðarrima	Viðarrimi 42	112
Sambýlið Vættaborgum	Vættaborgum 82	112
Sambýlið Ægisgrund	Ægisgrund 19	210
Sambýlin Vallengi og Mururima	Vallengi 2	112
Samhjálp - Gistiskýli	Pingholtsstræti 25	101
Samhjálp - nytjamarkaður	Stangarhýlur 2	110
Samhjálp kaffistofa	Borgartúni 1	107
Samhjálp-kaffistofa Borgartúni 1	Borgartúni 1	105
Sauðárkróksbær		
SÁA	Efstaleiti 7	108
Selfoskaupstaður		

Selfosskirkja	Kirkjuvegi	800
Seijahlíð	Hjallaseli 55	109
Seljakirkja	Hagaseli 40	109
SEM	Sléttuvegi 3	103
Sérsveit Hins Hússins	Pósthússtræti 3-5	101
Skammtímavistun Gufuskálum	Gufuskálum	360
Skammtímavistun Hólabergi	Hólabergi 86	111
Skammtímavistunin Holti	Holti	311
Skammtímavistunin Hólabergi	Hólabergi 86	111
Skálatúnsheimilið	Skálatúni	270
Skemmtifélagið	(vesturbæjarskóli)	101
Skógræktarfélag Íslands	Skúlatúni 6	105
Skógræktarfélag Rangæinga	Kaldbak	851
Skóla- og fjölskylduskrifstofa Ísafjarðarbæjar	Hafnarstræti 1	400
Skóla- og menningarskrifstofa Akureyrarbæjar	Glerárgötu 26	600
Snæfellsbær	Snæfellsási 2	360
Sólheimar í Grímsnesi	Grímsnesi	801
Stokkseyrarhreppur		
Stuðlasei		
Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna	Hlíðarsmára 14	201
Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra	Háaleitisbraut 13	108
Sumardvalarheimili í Reykjadal/Íþróttafélagið Fram	Mosfellsdal	270
Sumardvalarheimili Reykjadal/Góði Hirðirinn	Mosfellsdal	270
Sumardvalarheimilið í Reykjadal/Knattsp.fél. valur	Mosfellsdal	270
Svifflugfélag Íslands	Sandskeiði	
Svæðisskrifstofa fatlaðra á Reykjanesi		
Svæðisskrifstofa fatlaðra á Suðurlandi	Eyrvægi 67	800
Svæðisskrifstofa fatlaðra á Vesturlandi		
Svæðisskrifstofa fatlaðra í Reykjavík	Síðumúla 39	108
Svæðisskrifstofa fatlaðra í Reykjavík/Íbúðarkjarni		
Svæðisskrifstofa fatlaðra Reykjaness	Marbakkabraut 14	200
Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Akranesi		
Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Egilsstöðum	Tjarnarbraut 39e	700
Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Vestfjörðum	Hafnarstræti 1	400
Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra í Reykjavík	Síðumúla 39	108
Svæðisskrifstofa Suðurlands um málefni fatlaðra	Eyrvægi 67	800
Takmarkið - áfangahemili	Barónsstígur 13	101
Takmarkið, Barónsstíg	Barónsstíg 13	101
Tipp Topp - Hitt Húsið	Pósthússtræti 3-5	101
Tjaldanes - Svæðisskrifstofa fatlaðra á Reykjanesi	Mosfellsdal	270
Tónabær	Safamýri 28	108
Tún/Húsavík	Miðgarði 4	640
Umhverfiseild Akureyrarbæjar	Geislagötu 9	600
Valsheimilið/Menningarfélag brydebúð		
Vernd	Laugateigi 19	105
Vestmannaeyjabær		
Vesturbyggð	Aðalstræti 63	450
Vesturgarðar		
Vin - athvarf fyrir geðfatlaða RÍ	Hverfisgötu 47	101
Vin - athvarf fyrir geðfatlaða RÍ/Akranesbær	Hverfisgötu 47	101
Vin athvarf fyrir geðfatlaða RÍ	Hverfisgötu 47	101
Vinnustofa fatlaðra - Selfossi	Gagnheiði 39	800
Vistheimili barna Laugarásvegi 39	Laugarásvegi 39	104

Vistheimilið Bjarg	Skólabraut 10	170
Víðistaðakirkja	Hraunbrún	220
Víkuprestakall, Vík í Mýrdal		870
Vímulaus æska	Borgartúni 6	105
Vogur Stórhöfði viðhald	Stórhöfði 45	110
Vogur-eldhús	Efstaleiti 7	103
Vogur-undirbúa fundi	Efstaleiti 7	103
Vopnafjarðarhreppur	Hamrahlíð 15	690
Væntumþykja - Hátúni	Hátúni 10a	105
Þjónustumiðstöð eldri borgara í Miðhúsum	Suðurgötu 17-21	245
Þróttur	Engjavegi 7	105
Ölfushreppur	Hafnarbergi 1	815
Örvi	Kársnesbraut 110	200

Alþingi  
Erindi nr. P 139/2559  
komudagur 19.5.2011



## Jafnréttisstofa

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Akureyri, 18. maí 2011  
1105020 IE

**Efni:** Umsögn um 727. mál, þskj. 1251, lþ.139, frv. til laga um fullnustu refsinga (rafrænt eftirlit o.fl.)

Með tölvubréfi dags. 29. apríl 2011, óskaði allsherjarnefnd Alþingis eftir umsögn Jafnréttisstofu um frumvarp til laga um fullnustu refsinga (rafrænt eftirlit og samfélagsþjónustu), 727. mál, þskj. 1251, lþ. 139.

### Almennar athugasemdir:

Jafnréttisstofa telur að rafrænt eftirlit geti verið heppileg viðbót við þá kosti sem hérlendis eru í boði varðandi afplánun refsivistar og styður það að rafrænt eftirlit verði heimilað.

Jafnréttisstofa vill einnig koma eftirfarandi á framfæri: Eitt af hlutverkum Jafnréttisstofu skv. j. lið 3. mgr. 4. gr. jafnréttislaga nr. 10/2008 er að vinna að forvörnum gegn kynbundnu ofbeldi. Í ljósi þess leggur Jafnréttisstofa það til að skoðað verði hvort ástæða sé til að lögfesta heimild til rafræns eftirlits með þeim sem sæta nálgunarbanni og/eða brottvísun af heimili. Jafnframt telur Jafnréttisstofa að skoða ætti það hvort hægt ætti að vera að dæma kynferðisbrotamenn, þ.á.m. þá sem framið hafa kynferðisbrot gegn börnum, til þess að sæta rafrænu eftirliti um lengri tíma. Samkvæmt þeim upplýsingum sem Jafnréttisstofa hefur aflað sér koma kynferðisbrotamenn ekki til greina varðandi það að ljúka afplánun með þeim hætti sem lagt er til í þessu frumvarpi, þar sem slíkir geta ekki komist inn hjá Vernd. Jafnréttisstofa veltir því upp þeim möguleika að skoðað verði hvort hægt ætti að vera að dæma menn til að þola rafrænt eftirlit, jafnvel um nokkurra ára skeið. Slíkt gæti líklega helst átt við um kynferðisbrotamenn.




Jafnréttisstofa

Athugasemdir við einstaka greinar:

Varðandi b. lið 2. gr. frumvarpsins vill Jafnréttisstofa benda á nauðsyn þess að tryggja að skilyrði fyrir því að ljúka afplánun með rafrænu eftirliti séu þannig að bæði körlum og konum standi þessi kostur til boða, að öllum öðrum skilyrðum uppfylltum. Í skýringum með greininni kemur fram að eitt af skilyrðum fyrir rafrænu eftirliti er að viðkomandi fangi hafi dvalið á Áfangahemilinu Vernd. Tryggt þarf að vera að bæði konur og karlar hafi sama aðgang að Vernd (eða sambærilegu heimili) og viðunandi og sambærilega aðstöðu þar.

Óski nefndin frekari upplýsinga eða skýringa, þá veitir undirrituð þær fúslega.

Virðingarfyllst,



Ingibjörg Elfasdóttir lögfræðingur

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. maí 2011.

**Umsögn laganefndar LMFÍ um frumvarp til laga um um breytingu á lögum um fullnustu refsinga, nr. 49/2005 (rafrænt eftirlit, samfélagsþjónusta). 139. löggjafarþing 2010-2011, þskj. 1251.– 727. mál.**

Laganefnd LMFÍ hefur haft ofangreint frumvarp til umsagnar. Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum nr. 49/2005 um fullnustu refsinga (hér eftir nefnd „lögin“).

Laganefnd telur ástæðu til að gera eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið og einstök ákvæði þess:

1. Í 2. gr. laganna er lagt til að á eftir 24. gr. laganna komi ný grein 24. a., sem hljóði svo:

*Þegar dæmd refsing er 12 mánaða óskilorðsbundið fangelsi eða lengri getur fangelsismálastofnun leyft fanga að ljúka afplánun utan fangelsis enda hafi hann á sér búnað svo að unnt sé að fylgjast með ferðum hans.*

*Þegar dæmd refsing er 12 mánaða óskilorðsbundið fangelsi getur afplánun undir rafrænu eftirliti verið 30 dagar. Slík afplánun getur lengst um 2,5 daga fyrir hvern dæmdan mánuð og getur orðið 240 dagar hið mesta.*

- (a) Í 1. mgr. greinarinnar er gert ráð fyrir að fangelsismálastofnun geti leyft fanga að ljúka afplánun utan fangelsis, „*enda hafi hann á sér búnað svo að unnt sé að fylgjast með ferðum hans*“. Í greinargerð með frumvarpinu er rætt um að búnaðurinn geti t.d. falist í síma með staðsetningarbúnaði og myndavél. Þá segir í greinargerðinni: „*Lagt er í hendur fangelsismálastofnunar að ákveða nánar hvers konar búnaður kemur til greina og mæla fyrir um eftirlitið að öðru leyti*“.

Laganefnd telur æskilegt að afmarkað verði efnislega í ákvæðinu hvers konar búnað getur þar verið um að ræða, í stað þess að ákvörðunarvald um búnaðinn verði alfarið í höndum fangelsismálastofnunar, svo sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Hér vegast væntanlega á sjónarmið um persónuvernd annars vegar og öryggissjónarmið hins vegar. Vissulega má telja eðlilegt og sanngjarnt að fangi, sem afplánar undir rafrænu eftirliti, verði að gefa eftir hluta af friðhelgi sinni og einkalífi. Í ljósi jafnræðissjónarmiða má hins vegar gera kröfu um að löggjafinn afmarki úrræði mat stjórnvaldsins í þessum efnum. Sem dæmi mætti nefna hvort löggjafinn sjái e.t.v. ástæðu til að banna (eða heimila) fangelsismálastofnun að krefjast þess að fangar í afplánun beri kvikmyndatökuvél, sem sendir rauntíma upptöku til stofnunarinnar 24 klst. á sólarhring.



- (b) Af athugasemdum greinargerðar með frumvarpinu má ráða að afplánun undir rafrænu eftirliti geti verið 30 dagar hið minnsta. Þetta mætti koma fram með skýrari hætti í 2. mgr. greinarinnar.

Í 2. mgr. greinarinnar mætti jafnframt skýra betur hvað átt er við með orðunum „*afplánun getur lengst um 2,5 daga fyrir hvern dæmdan mánuð*“, og tilgreina í hvaða tilvikum afplánunin „*getur*“ lengst og með hvaða hætti það gerist.

2. Með 2. gr. frumvarpsins er einnig lagt til að í nýrri grein, 24. b., verði meðal annars gert að skilyrði fyrir því að rafrænt eftirlit með fanga komi til greina „*að fangi teljist hæfur til að sæta rafrænu eftirliti*“. Í athugasemdum greinargerðar með frumvarpinu segir: „*Með þessu er átt við að telja verður líklegt að hann geti staðið við skilyrði sem um rafrænt eftirlit gilda og að þetta úrræði teljist líklegt til að beina viðkomandi inn á aðrar brautir en áframhaldandi afbrot*“. Laganefnd telur æskilegt að hugtakið „*hæfur*“ verði afmarkað nánar efnislega í ákvæðinu sjálfu.
3. Í 4. gr. frumvarpsins er lagt til að í 1. mgr. 27. gr. laganna komi meðal annars eftirfarandi texti: „*Fangelsismálastofnun getur ákveðið að hluti ólaunuðu samfélagsþjónustunnar skuli felast í viðtalsmeðferð eða viðurkenndu námskeiði, enda nemi sá hluti samtals aldrei meira en einum fimmta samfélagsþjónustunnar að jafnaði*“.

Það er erfitt að meta þýðingu orðanna „*að jafnaði*“ í þessu sambandi. Þannig er óljóst hvort heimilt er að fara yfir mörkin um 1/5 í einstökum tilvikum og þá hvenær og hversu langt, hvort löggjafinn ætlast til þess að meðaltalið í þessum efnum sé 1/5 þó að einstök mál fari fram úr því hlutfalli o.s.frv. Þetta mætti gjarnan skýra í texta ákvæðisins.

Af hálfu laganefndar LMFÍ eru ekki gerðar frekari athugasemdir við framangreint frumvarp.

Virðingarfyllst,


**f.h. Laganefndar Lögmannafélags Íslands**

---

Eva Bryndís Helgadóttir, hrl.

Alþingi  
Erindi nr. P 139/2596  
komudagur 20.5.2011

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík



## Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík  
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606  
netfang: postur@personuvernd.is  
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 20. maí 2011  
Tilvísun: 2011040551AT/--

## Umsögn

### um frumvarp til laga um fullnustu refsinga (rafrænt eftirlit og samfélagsþjónusta)

Persónuvernd vísar til tölvubréfs nefndasviðs Alþingis, dags. 29. apríl 2011, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um fullnustu refsinga (rafrænt eftirlit og samfélagsþjónusta) (727. mál á 139. löggjafarþingi 2010-2011, þskj. 1251).

Með frumvarpinu er lögfest nýtt fullnustuúrræði, rafrænt eftirlit með dómþolum sem afplána óskilorðsbundna fangelsisrefsingu auk þess sem hámarksrefsing sem unnt er að fullnusta með samfélagsþjónustu er hækkuð.


Ákvæði 2. gr. frumvarpsins lögfestir þrjár nýjar greinar, 24. gr. a - 24. gr. c sem fjalla um fullnustu utan fangelsis (rafrænt eftirlit), skilyrði rafræns eftirlits og skilyrði í rafrænu eftirliti. Í athugasemdum við 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins kemur fram að fangelsismálastofnun geti leyft fanga að ljúka afplánun tólf mánaða óskilorðsbundinnar fangelsisrefsingar eða lengri undir rafrænu eftirliti. Þá segir jafnframt að ekki þyki rétt að ákveða fyrir fram hvernig búnaður verður notaður en um getur verið að ræða rafrænan búnað, öklaband eða annan viðlíka búnað sem fullnægir skilyrðum ákvæðisins t.d. farsíma sem búinn er myndavél og staðsetningartæki. Lagt er í hendur fangelsismálastofnunar að ákveða nánar hvers konar búnaður kemur til greina og mæla fyrir um eftirlitið að öðru leyti.

Persónuvernd telur það ekki falla innan verksviðs stofnunarinnar að meta hvers konar búnað æskilegt er að nota við rafrænt eftirlit sem kveðið er á um í frumvarpinu. Hins vegar telur

stofnunin mikilvægt að lögin innihaldi skýrt ákvæði sem kveði á um meðferð þeirra persónuupplýsinga sem safnist um hinn skráða (dómpola) með notkun rafræns staðsetningarbúnaðar. Þá bendir Persónuvernd jafnframt á að mikilvægt sé að sömu öryggiskrafna verði gætt um upplýsingar, sem safnast með notkun rafræns staðsetningarbúnaðar, og endranær á við um upplýsingar sem safnað er um dómpola sem afplána fangelsisrefsingu sína á ólíkan hátt. Ef fangelsismálastofnun kemur til með að fá þriðja aðila til þess að annast hluta vinnslunnar sbr. 5. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, t.d. vegna þess búnaðar sem notaður verður við rafrænt eftirlit, er nauðsynlegt að gera vinnslusamning við umræddan aðila til samræmis við ákvæði 13. gr. framangreindra laga nr. 77/2000.

Undirritað frumrit hefur verið sent í bréfpósti til Nefndasviðs Alþingis.

Virðingarfyllt

  
Alma Tryggvadóttir  
lögfræðingur



Alþingi  
Erindi nr. P 139/2621  
komudagur 23.S. 2011

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Reykjavík 18. maí 2011

Tilvísun: 2011040236

50.03

Tilvísun yðar: Þskj. 1251- 727. mál

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fullnustu refsinga**

Vísað er til tölvupósts nefndasviðs Alþingis til ríkislögreglustjóra 29. apríl sl., þar sem leitað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fullnustu refsinga, nr. 49/2005, 727. mál. Af hálfu embættis ríkislögreglustjóra eru ekki gerðar athugasemdir við frumvarpið.

F.h. RLS

Gísli Pálsson / Hildur Georgsdóttir

# RÍKISSAKSÓKNARI

Alþingi  
Erindi nr. Þ 139/2543  
komudagur 19.5.2011

SEK/

Reykjavík 18. maí 2011.

Tilv.: 201104-0404

670

Allsherjarnefnd Alþingis hefur óskað umsagnar ríkissaksóknara um frumvarp til laga um fullnustu refsinga (rafrænt eftirlit og samfélagsþjónusta), 727. mál.


Um 2. gr. b (24. gr. b)

3. tl. Í greinargerð segir um þennan tölulið: “Í mörgum tilvikum geti það einnig átt við að aðrir menn búi einnig á dvalarstað fanga. Þykir nauðsynlegt að samþykki annarra heimilismanna liggi fyrir, eða eftir atvikum húsráðanda áfangaheimilis.....” Eðlilegt er að gera kröfu um að samþykki annarra íbúa liggi einnig fyrir og að slík krafa komi fram í lögunum en ætla má af þessum orðum greinargerðar að það hafi verið ætlunin við samningu frumvarpsins. Með hliðsjón af þessu er lagt til að 3. tl. verði breytt og hljóði svo: “húsráðandi og aðrir íbúar á dvalarstað fanga, og eftir atvikum forráðamenn ólöggráða íbúa, samþykki að fangi sé undir rafrænu eftirliti á dvalarstað þeirra”.

Nýr töluliður (7. töluliður). Frumvarpið gerir ráð fyrir því að það sé skilyrði þess að rafrænt eftirlit komi til álita að fangi hafi áður nýtt sér úrræði samkvæmt 1. mgr. 24. gr. með fullnægjandi hætti. Ljóst er m.v. þær kröfur sem Fangelsismálastofnun gerir til þeirra sem heimilað er að fullnusta refsingu utan fangelsis samkvæmt 1. mgr. 24. gr. að sú heimild er ekki veitt nema að viðkomandi eigi ekki óafgreidd mál hjá lögreglu eða ákærvaldi.

Ríkissaksóknari telur þó rétt að þetta sé berum orðum gert að skilyrði og verði látið koma fram í lögunum ásamt öðrum skilyrðum sem fangi þarf að uppfylla til að rafrænt eftirlit komi til álita. Hægt væri að hafa hliðsjón af orðalagi 3. mgr. 63. gr. laga um fullnustu refsinga nr. 49/2005 varðandi skilyrði reynslulausnar, en þar segir: “Fanga, sem á mál til meðferðar hjá lögreglu, ákærvaldi eða dómstólum þar sem hann er kærður fyrir refsiverðan verknað, verður að jafnaði ekki veitt reynslulausn, enda sé málið rekið með eðlilegum hætti og dráttur á því ekki af völdum fangans.”

Í frumvarpinu er ekki ákveðið hvaða form verður haft á rafrænu eftirliti hvað varðar tæknilega útfærslu þess heldur segir einungis í 2. gr. (24. gr. a) “enda hafi hann á sér búnað svo að unnt sé að fylgjast með ferðum hans...” Samkvæmt greinargerð er miðað við eftirlitið verði notaðir farsímar sem föngum verði gert að ganga með og þeir símar verði með innbyggðum staðsetningarbúnaði og myndavél. Í ljósi þess að lögin taka ekki ákvörðun um þetta atriði og að útfæra þarf eftirlitið í heild er lagt til að í 80. gr. laga um fullnustu refsinga verði sett heimild fyrir ráðherra til að setja nánari reglur um rafrænt eftirlit í reglugerð.

Viðingarfyllst,  
  
Sigríður J. Friðjónsdóttir  
ríkissaksóknari

Sigr. Elsa Kjartansd.

Sigríður Elsa Kjartansdóttir  
settur vararíkissaksóknari

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík



Alþingi  
Erindi nr. P 139/2500  
komudagur 18.5.2011

## UMBOÐSMAÐUR BARNNA

Nefndasvið Alþingis  
Allsherjarnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 17. maí 2011  
UB:1105/4.1.1

### **Efni: Frumvarp til laga um fullnustu refsinga (rafrænt eftirlit og samfélagsþjónusta), 727. mál**

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 29. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn umboðsmanns barna um ofangreint frumvarp


Með frumvarpinu er annars vegar lögfest að dómþolar geti afplánað óskilorðsbundið fangelsi með rafrænu eftirliti og hins vegar er verið að hækka þá hámarksrefsingu sem unnt er að afplána með samfélagsþjónustu. Umboðsmaður barna fagnar þessum breytingum, enda hafa rannsóknir sýnt að afplánun refsinga utan fangelsis sé betur til þess fallin að hafa uppbyggileg og jákvæð áhrif á brotamenn en óskilorðsbundið fangelsi. Á það ekki síst við þegar um ungmenni er að ræða.

Að gefnu tilefni vill umboðsmaður barna koma á framfæri ábendingu um hversu illa samfélagsþjónustu nýtist þeim börnum sem fremja afbrot í framkvæmd, enda eru einstaklingar undir 18 ára aldri ekki dæmdir til óskilorðsbundinnar refsingar nema öll önnur úrræði hafi verið fullreynd. Í skýrslu sinni til nefndar Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins benti



umboðsmaður barna á að þessi tilhögun væri óheppileg í ljósi þess að samfélagsþjónusta er úrræði sem gæti hentað vel til að taka á afbrotum sakhæfra barna, þar sem hún felur í sér að einstaklingur þarf að axla ábyrgð á hegðun sinni með uppbyggilegum hætti. Til þess að samfélagsþjónusta myndi nýtast ungmennum betur telur umboðsmaður barna því æskilegt að breyta íslenskum lögum þannig að dómari geti dæmt einstakling til að inna af hendi samfélagsþjónustu, t.d. í stað skilorðsbundinnar fangelsisrefsingar.

Virðingarfyllst,

  
Margrét María Sigurðardóttir,  
umboðsmaður barna



Alþingi  
Erindi nr. P 139/2622  
komudagur 23.5.2011



Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. maí 2011

**Efni: Umsögn Fjarskipta ehf. um frumvarp til laga um fullnustu refsinga, 727. mál. Þskj. nr. 1251, 139. Löggjafarþing.**

Vísað er til bréfs yðar 29. apríl sl. þar sem Fjarskiptum ehf. (*Vodafone*) er gefinn kostur á að veita umsögn um frumvarp til laga um fullnustu refsinga, rafrænt eftirlit og samfélagsþjónusta.

Vodafone fær ekki séð að í frumvarpinu sé kveðið á um sérstakar skyldur fjarskiptafyrirtækja, enda yrði að mæla skýrlega fyrir um skyldur eða önnur íþyngjandi ákvæði. Skýrt er kveðið á um það í frumvarpinu að það er á ábyrgð Fangelsismálastofnunar (*FMS*) að finna tæknilausn svo hægt sé að afplána hluta af refsingu undir rafrænu eftirliti.

Í ljósi þess að ekki liggur fyrir á þessari stundu hvaða tæknilausnum kunni að verða beitt við rafrænt eftirlit og ekki er gert ráð fyrir því í framangreindu frumvarpi að fjarskiptafyrirtæki beri í því sambandi sérstakar skyldur er ekki ástæða af hálfu Vodafone að gera frekari athugasemdir við efni frumvarpsins.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in black ink, appearing to read "Guðjón Bjarni Hálfðánarson".  
Guðjón Bjarni Hálfðánarson